



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

hr. Vilhjálmur Egilsson formaður

Þórshamri

150 Reykjavík.

17. apríl 1998.

H.S.S. ehf., Dalbrekku 16, Kópavogi hefur falið mér að koma að athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi (þskj. 815, 480 mál). Umbj. minn er innflutningsfyrirtæki og flytur m.a. inn til landsins frá Bretlandi áfenga drykki, er bera tegundaheitin Wild brew og Shots. Um er að ræða áfengisblöndur að styrkleika 4,0 % og 5,3 %, og eru þær fluttar inn til landsins og seldar í 27,5 og 33 cl. flöskum. Fyrirgreind söluvara umbj. míns er því að sama styrkleika og bjór sem seldur er hér á landi og er umbj. minn í samkeppni við innlenda bjórframleiðendur og innflytjendur bjórs um sölu á áfengi því sem hann flytur inn.

Umbj. minn hóf innflutning á fyrirgreindu áfengi á árinu 1996 og sótti þegar um að fá að selja vörur sínar í verslunum ÁTVR. Þrátt fyrir umsókn umbj. míns á árinu 1996 fékk umbj. minn ekki að selja vöru sína í verslunum ÁTVR fyrr en í október 1997 og var umbj. minn fram að þeim tíma á biðlista hjá ÁTVR og seldi vörur sínar aðeins til veitingahúsa. Þegar umbj. mínum var loks heimilað að selja vörur sínar í verslunum ÁTVR var honum tryggð sama aðstaða til sölu á vöru sinni og samkeppnisaðilar hans höfðu. Verði fyrirgreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um áfengisgjald að lögum verður hins vegar fótum kippt undan rekstri umbj. míns og samkeppnisstaðan gagnvart söluaðilum á bjór gerð mjög ójöfn, enda mun skattlagning skv. frumvarpinu leiða til þess að útsöluverð á áfengisblöndum hækkar um allt að 33 % á sama tíma og útsöluverð á bjór stendur í stað.

Samkvæmt 2. gr. fyrirgreinds frumvarps til laga um um breytingu á lögum um gjald af áfengi hækkar áfengisgjald á áfengisblöndum líkt og þeim er umbj. minn flytur inn, um allt að 125 % og er yfirlýst markmið frumvarpsins, skv. greinargerð með frumvarpinu “að beina neyslu frá slíkum drykkjarvörum.” Í greinargerð með

frumvarpinu eru áfengisvarnarsjónarmið talin réttlæta að skattleggja sérstaklega áfengisblöndur í því skyni að koma í veg fyrir sölu þeirra hér á landi. Ekki er þó rökstutt af hverju rétt þykir að skattleggja sérstaklega áfengisblöndur en undanþiggja bjór skattlagningu allt að 2,25 sentilíttra vínanda í hverjum lítra. Áfengisblöndur þær sem um ræðir eru seldar í samkeppni við bjór og telur umbj. minn augljóst að ef áfengisblöndur verða skattlagðar sérstaklega líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir, þá muni samkeppnisstaðan gagnvart bjór versna og að ekki verði þá grundvöllur fyrir innflutningi þeirra vara og sölu hér á landi. Umbj. minn bendir á að bjórin hefur í dag mikla yfirburði í samkeppni við áfengisblöndur, enda er útsöluverð bjórs að meðaltali um 50% lægra en útsöluverð á áfengisblöndum. Með vísan til “áfengisvarnarsjónarmiða” telur umbj. minn að rökréttara væri að skattleggja sérstaklega ódýran bjór fremur en dýrar áfengisblöndur, enda má leiða líkur að því að t.d. fjárvana unglingar drekki fremur ódýra bjórtegund heldur en dýrar áfengisblöndur. Umbj. minn telur því áfengisvarnarsjónarmið alls ekki styðja þá ætlun að skattleggja sérstaklega áfengisblöndur og bendir umbj. minn á í því sambandi að áfengisblöndur hafa aðeins verið seldar hér á landi frá árinu 1996 og hófst ekki sala á þeim í verslunum ÁTVR fyrr en í október á síðasta ári og hefur því lítil reynsla fengist af sölu og neyslu þeirra drykkja hér á landi.

Umbj. minn telur áfengisvarnarsjónarmið því ekki geta réttlætt þá stórauknu skattaálögur á innflutning á áfengisblöndum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og ítrekar þá skoðun sína að í því felist mótsögn að hækka aðeins álögur á áfengisblöndur en ekki t.d. á bjór, sem er mun ódýrari og því aðgengilegri fyrir ungt fólk.

Þá telur umbj. minn óskiljanlega þá röksemd er greinir í greinargerð með frumvarpinu að ætlun sé *“að leiðrétta þá röskun er gjaldfrelismörk (2,25%) þykja hafa á gjalddöku af brenndu áfengi í þeim tilvikum sem áfengi hefur verið blandað með gosdrykk eða ávaxtasafa, en við það verður hlutfallslega stór hluti vínandamagns undanþeginn gjaldi.”*

Þá telur umbj. minn að í fyrrgreindu frumvarpi felist skattaleg mismunun og viðskipta- og samkeppnishömlur er stríði gróflega gegn markmiðum samkeppnislaga

nr. 25/1993 og ákvæðum 11. og 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið, er öðlaðist lagagildi með lögum nr. 2/1993. Ákvæði 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið er þannig:

“Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innanlands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.”

Í athugasemdum við 14. gr. samningsins segir eftirfarandi:

“Hér er nánar útfærð almenn krafa EES-samningsins um að ekki sé mismunað eftir þjóðerni við óbeina skattlagningu eða gjaldtöku. Ákvæðið gefur stjórnvöldum fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er, svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Samsvarandi ákvæði er að finna í 19. gr. fríverslunarsamnings Íslands við EB. Orðalag endurspeglar 95. gr. Rómarsamningsins. Greinina ber einnig að lesa með hliðsjón af 11. gr. samningsins, sem bannar allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif og magntakmarkanir. Þetta á við um skattlagningu sem hefur það í för með sér að erlend framleiðsluvara er látin sæta hærri álögum en sambærileg innlend vara.....”

Eins og áður segir, eru áfengisblöndur þær er umbj. minn flytur inn, framleiddar í Bretlandi. Bretland er aðili að samningnum um evrópska efnahagssvæðið og gilda því ákvæði samningsins um innflutning umbj. míns á þeim vörum til landsins. Áfengisblöndur þær, sem sérstaklega er ætlað að skattleggja með fyrrgreindu frumvarpi, eru ekki framleiddar hér á landi og telur umbj. minn að með því að auka álögur á áfengisblöndur um allt að 125 % á sama tíma og álögur á bjór standa í stað, sé í raun með beinum eða óbeinum hætti verið að vernda innlenda bjórframleiðslu fyrir innflutningi á áfengisblöndum og telur umbj. minn því frumvarpið fela í sér skýlaust brot gegn 1. og 2. mgr. 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Því til stuðnings vill umbj. minn áréttta að samkeppni ríkir á milli aðila er selja áfengisblöndur og bjór, styrkleiki þeirra drykkja er svipaður, drykkirnir þykja henta við svipuð tækifæri og aðstæður og drykkirnir höfða til sömu hópa fólks.

Áfengisblöndur þær sem um ræðir eru því sams konar framleiðsluvörur og bjór í skilningi 1. mgr. 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið.¹ Þótt talið yrði að áfengisblöndur væru ekki sams konar framleiðsluvörur og bjór, stríðir fyrirhuguð skattlagning gegn 2. mgr. 14. gr. samningsins, en þar er lagt bann við því að skattleggja framleiðsluvörur samningsaðila ef það er til þess fallið að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur sem ekki eru sams konar í skilningi samningsins. Hluttur innlendar bjórframleiðslu í heildarsölu á bjór hér á landi er yfir 50% og með því að beina neyslu frá áfengisblöndum, líkt og yfirlýst markmið er með frumvarpinu, er a.m.k. með óbeinum hætti verið að vernda innlenda bjórframleiðslu, enda leiða skattareglur frumvarpsins til fækkunar samkeppnisaðila á þeim markaði sem innlendir bjórframleiðendur keppa á.

Ákvæði 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið er samhljóða 95. gr. Rómarsáttmálans og hefur dómstóll EB kveðið upp úr um að sérstakur skattur á innfluttar vörur, líkt og til stendur að leggja á innfluttar áfengisblöndur, brjóti í bága við 95. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið ber að túlka samninginn í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalagsins og hafa því dómar dómstóls EB fordæmisgildi hér á landi. Eftirtalda dóma dómstóls EB tel ég m.a. styðja þá skoðun umbj. míns að fyrirhuguð skattlagning á innflutning á áfengisblöndum feli í sér samkeppnishömlur og mismuni innfluttum vörum gagnvart innlendri framleiðslu, og brjóti því gegn 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið.

Mál nr. 112/84 (Humblot-málið). Í máli þessu var talið að skattur færi í bága við 95. gr Rómarsáttmálans þar sem skatturinn náði í raun aðeins til innflutnings og var því talið að hann fæli í sér mismunum. Málavextir voru þeir að í Frakklandi var lagður á tvenns konar skattur á bifreiðar. Annars vegar stighækkandi skattur sem tók til bifreiða 16 CV (vélarstærð) og minni og sérstakur hærri skattur á bifreiðar sem voru með stærri vél en 16 CV. Bifreiðar er féllu undir hærri skattinn voru ekki framleiddar í Frakklandi, heldur aðeins bifreiðar 16 CV og minni. Dómstóll EB taldi skattinn fara

¹ Stefán Már Stefánsson prófessor, Evrópuréttur, Réttarreglur og stofnanir Efnahagsbandalagsins, Iðunn 1991, bls. 192, "Sambærilegar eru þær vörur taldar í þessu sambandi ef þær hafa svipuð einkenni og fullnægja svipuðum þörfum kaupenda."

í bága við 95. gr. Rómarsáttmálans þar sem hann tæki í raun aðeins til innflutnings og því fæli hann í sér mismunun gagnvart innlendri framleiðslu.

Mál nr. 171/78 (Framkvæmdastjórnin gegn Danmörku). Með dönskum lögum var hár skattur lagður á sterk vín önnur en ákavíti. Í málinu var upplýst að 99% af öllu seldu ákavíti í Danmörku var framleitt þar í landi og að 2/3 hlutar af öllum öðrum sterkum vínum voru framleidd erlendis. Dómstóll EB taldi að um leyndan ríkisstuðning væri að ræða, að ákavíti og önnur sterk vín væru sambærilegar vörur og því hafi með lögnum verið brotið gegn 95. gr. Rómarsáttmálans.

Mál nr. 170/78 (Framkvæmdastjórnin gegn Stóra-Bretlandi). Málavextir voru þeir að bresk stjórnvöld lögðu á háan skatt á léttvín en lágt gjald á bjór. Þrátt fyrir að um ólíkar áfengistegundir væri að ræða taldi dómstólinn að þessar tvær vörutegundir væru sams konar og ættu í samkeppni og að með hárri skattlagningu léttvína hafi bresk stjórnvöld með óbeinum hætti verið að vernda innlendan bjóriðnað.

Umbj. minn telur eins og áður segir fyrirhugaðan skatt á innflutning áfengisblandaðra drykkja fela í sér mismunum í skattlegu tilliti og jafnframt mismuna erlendri framleiðslu gagnvart innlendri samkeppnisframleiðslu. Því brjóti reglur frumvarpsins gegn ákvæði 14. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðisins og jafnframt gegn markmiðum samkeppnislaga, eins þau eru skilgreind í 1. gr. samkeppnislaga nr. 25/1993:

- a. að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
- b. að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
- c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Þegar umbj. minn hóf innflutning fyrrgreindra drykkja á árinu 1996 giltu sömu reglur um áfengisgjald af bjór og þeim drykkjum, þe. eitt gjald var reiknað af vínanda umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis. Umbj. minn hóf innflutning í

samkeppni við innflutning og innlenda framleiðslu á bjór og var það forsenda fyrir þeim innflutningi af hálfu umbj. míns að hann fengi áfram að sitja við sama borð, í skattalegu tilliti, og samkeppnisaðilar í bjórsölu. Umbj. minn hefur nú nýverið verið heimilað að selja vörur sínar í samkeppni við bjórsöluaðila í verslunum ÁTVR og hefur umbj. minn lagt í mikinn kostnað við uppbyggingur rekstrarins. Verði fyrrgreint lagafrumvarp að lögum, sem virðist vera sett til höfuðs rekstri umbj. míns og annarra aðila er flytja inn sams konar vörur, mun innflutningi fyrrgreindra drykkja vafalaust verða sjálfhætt og er þá unnið fyrir gíg allt það kostnaðarsama uppbyggingarstarf er umbj. minn hefur unnið. Umbj. minn mun því vera fyrir miklu fjárhagstjóni og telur umbj. minn að sú eign sem fólgin er í rekstri hans njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og því brjóti fyrirhuguð skattlagning gegn því ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá ítrekar umbj. minn þá skoðun sína að fyrirhuguð skattlagning brjóti gegn jafnræðisreglum og feli jafnframt í sér grófa mismunun gagnvart samkeppnisaðilum.

Þá telur umbj. minn gagnrýnivert að gert er ráð fyrir að lögin taki gildi þann 1. júní n.k. og telur umbj. minn nauðsynlegt a.m.k. að fresta gildistöku laganna, enda verði að gefa þeim aðilum sem starfa við innflutning fyrrgreindra drykkja sanngjarna aðlögun að breyttum íþyngjandi reglum. Í því sambandi bendir umbj. minn á að hann á ótollafgreiddar talverðar vörubirgðir auk þess sem að hann hefur pantað vörur erlendis frá. Eins og áður greinir mun útsöluverð hækka um allt að 33 % og er því einsýnt að umbj. minn þurfi að hætta starfsemi og er ekki ólíklegt að hann þurfi þá að láta eyða vörubirgðum sínum, enda verður varan væntanlega óseljanleg, sem er jú yfirlýst markmið frumvarpsins.

Með vísan til fyrrgreindra röksemda er skorað á Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að leggja til breytingu á fyrrgreindu frumvarpi til laga um breytingu á áfengisgjaldi í þá veru að áfengisgjald af áfengisblönduðum drykkjum verði hið sama og áfengisgjald af bjór og að tryggt verði að samkeppnishömlur ríki ekki í viðskiptum með áfengi.



Virðingarfyllst,

f.h. H.S.S. ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Þorsteinn Einarsson', written in a cursive style.

Þorsteinn Einarsson hdl.